

# Inngangur

Við landnám er sagt að Ísland hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Ljóst er að landið var þá mun betur gróið en síðar varð og nú er. Nú er talið að um 40-45% landsins séu nokkuð vel gróin og aðeins um 2% skógi- eða kjarri vaxin. Á þeim hluta landsins sem telst gróinn er að finna smærri rofsvæði og rofdíla. Búseta mannsins, ásamt óblíðum náttúruöflum hafa um aldir leikið hart gróður og jarðveg landsins. Gríðarlegt magn jarðvegs hefur fokið og eyðst. Færa má rök fyrir að sá jarðvegur sem orðið hefur eyðingu að bráð geti jafnvel verið álíka að rúmmáli og Þjórsárhraunið mikla og Skaftáreldahraunið samanlagt. Samanlagt rúmmál þeirra er talið um 37 km<sup>3</sup>.

Árið 1907 hófst markviss barátta gegn eyðingunni með setningu laga nr. 54/1907 um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands. Enda þótt tekist hafi á þeim ríflega eitt hundrað árum sem síðan eru liðin að stöðva rof víða og gróður hafi verið endurheimtur á 150-200.000 ha lands, er ljóst að betur má ef duga skal. Landgræðslan hefur því unnið skýrslu þar sem helstu rofsvæði landsins skv. skýrslunni Jarðvegsrof á Íslandi eru metin og flokkuð eftir því hversu brýnt Landgræðslan telur að vinna að uppgræðslu á þeim. Rétt er að taka fram að hér er unnið á grófum skala en með skýrslunni er ætlunin að varpa ljósi á hversu gífurlega mikil verkefni bíða þjóðarinnar á þessu sviði og jafnframt leita samstarfs við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila um samstarf til að takast á við þessi verkefni. Hvert og eitt verkefni hefur verið skráð, stærð svæða metin gróflega og mat lagt á jarðvegsrof og aðra umhverfisþætti eftir ákveðnu kerfi. Í skýrslunni er megináhersla lögð á rofsvæði sem eru neðan 500 m h.y.s. Þó þar séu undantekningar á. Í töflu 1 er yfirlit yfir fjölda verkefna og umfang þeirra áætlað í hekturum.

Við efnistösk hafa starfssvæði héraðssetra Landgræðslunnar verið lögð til grundvallar,

en rofsvæðum er raðað eftir sveitarfélögum og forgangsraðað í þrjá flokka eftir því hve brýnt er metið að ráðist verði í aðgerðir til að stöðva rofið og græða landið, þ.e. mjög brýnt, brýnt og ekki brýnt. Við forgangsroðunina er, auk rofs, metið hvernig aðgengi er að svæðinu, hvernig yfirborð þess er m.t.t. þess hvernig er að fara um svæðið og hversu hátt það liggur yfir sjó. Þessir þættir eru metnir eftir kvarða sem nær frá 1 til 5, þar sem 1 er best (ekkert rof, gott aðgengi, auðvelt yfirferðar o.s.frv.), en 5 er verst (mjög mikið rof, mjög erfitt aðgengi o.s.frv.). Ennfremur kemur fram hvers konar eignarhald er á viðkomandi rofsvæði samkvæmt þeim upplýsingum sem Landgræðslan hefur, þ.e. hvort svæði er í einkaeigu (E), ríkiseign, þar með taldar þjóðlendur (R) eða eigu sveitarfélags (S). Hverri töflu fylgir kort sem sýnir legu viðkomandi svæða.

Landgræðslan hefur um langt árabíl átt gott samstarf við sveitarfélög, einstaklinga og félagasamtök um uppgræðsluverkefni, m.a. í gegnum verkefnið *Bændur græða landið* (BGL) og *Landbótasjóð Landgræðslunnar*. Í BGL-verkefnum hefur verið unnið á um 30.000 ha og í Landbótasjóðsverkefnum á um 15.000 ha. Landgræðslan hefur auk þess unnið á a.m.k. 150.000 ha. Í ljósi þess að þau svæði sem skilgreind eru í þessari skýrslu sem „mjög brýnt“ rofsvæði eru um 295.000 ha, „brýnt“ um 186.000 ha, og öll svæði sem þarfnast landbóta nærri 800.000 ha, er ljóst að mun meiri aðgerða er þörf en hingað til hefur verið unnt að takast á við. Landgræðslan mun því leita eftir nýjum samstarfsaðilum og þessari skýrslu er m.a. ætlað að verða handbók í því verki, auk þess sem hún verður verkefnaskrá í starfi Landgræðslunnar.

Tilgangur landgræðslustarfsins er að stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu, endurheimta og endurbæta löskuð vistkerfi, binda kolefni í jarðvegi og gróðri, bæta vatnsmiðlun og auka frjósemi

Tafla 1. Rofverkefni eftir alvarleika rofs og landssvæðum


Landssvæði	Mjög brýnt		Brýnt		Ekki brýnt		Öll svæði	
	Fjöldi	ha	Fjöldi	ha	Fjöldi	ha	Fjöldi	ha
Vesturland og Vestfirðir	1	1.140	15	14.470	6	17.510	22	33.120
Norðurland vestra	3	14.740	8	30.120	2	1.180	13	46.040
Norðurland eystra	70	128.110	28	28.030	27	126.110	125	282.250
Austurland	15	68.010	21	24.460	16	26.190	52	118.660
Suðurland	32	82.530	53	89.290	30	146.920	115	318.740
<b>Samtals</b>	<b>121</b>	<b>294.530</b>	<b>125</b>	<b>186.370</b>	<b>81</b>	<b>317.910</b>	<b>327</b>	<b>798.810</b>

landsins. Jafnframt því að klæða landið í samræmi við vistgetu og byggja upp gróður í samræmi við gróðurskilyrði, er mikilvægt að vernda þau vistkerfi sem eru í ásættanlegu ástandi. Áhersla er því lögð á að nýting beitarlanda og annarra landkosta sé sjálfbær, þ.e. að hvergi verði gengið það nærri gróðri að það hamli eðlilegri uppskeru eða gróðurframvindu. Æskilegt er að rofin eða illa farin lönd séu ekki nýtt til beitar.

Til að þetta geti gengið eftir er nauðsynlegt að auka þekkingu bænda og alls almennings á tilgangi og markmiðum landgræðslustarfsins. Efla þarf landlæsi og auka þekkingu á sjálfbærri landnýtingu og gróður- og jarðvegsvernd. Sérstaklega er mikilvægt að auka fræðslu til barna um þessi málefni og auka þyrfti samvinnu Landgræðslunnar og skóla á grunnskólastigi og öðrum skólastigum.

Í ljósi þess góða árangurs sem náðst hefur í uppgræðsluverkefnum á borð við *Bændur græða landið*, *Landbótasjóði Landgræðslunnar* og gæðastýringarverkefnum í sauðfjárframleiðslu og hrossarækt, er mikilvægt að fjölga þátttakendum í þessum verkefnum og hvetja alla landeigendur til að gera landnýtingaráætlanir fyrir jarðir sínar.

Ljóst er að verkefni eru óþrjótandi og svo mikil að enginn einn aðili getur leyst þau af hendi með viðunandi hætti. Gróður- og jarðvegsvernd er heldur ekki á ábyrgð einstakra aðila, heldur verkefni og ábyrgð okkar allra sem þjóðar. Það er von Landgræðslunnar að sú skýrsla sem hér lítur dagsins ljós verði til þess að skýra nauðsyn landgræðslustarfsins og hvetja sveitarstjórnir, landeigendur og almenning til dáða. Nýting á landinu og gæðum þess verður ávallt að vera sjálfbær. Þá mun ástand þess batna frá kynslóð til kynslóðar um komandi framtíð.



Kort 1. Yfirlit yfir rofsvæði sem fjallað er um í skýrslunni. Megináhersla er á svæði neðan 500 m h.y.s. og mismunandi litir sýna forgangaröðun miðað við umhverfisaðstæður á hverjum stað.